

Innra mat er notað til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum leikskólans hefur verið náð. Með innra mati eru einnig metnar leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum. Grunnþættir í menntun, markmið og áherslupættir leikskólalaga og menntastefna Akureyrarbæjar endurspeglast í markmiðum skólanámskrár og birtast þannig í innra mati leikskólans. Skilgreind eru viðmið um þann árangur sem stefnt er að og þau eru birt í skólanámskrá. Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.